

## 6.fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Viðstaddir fundinn voru; Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Póra Björk Smith Reynisdóttir og Birna Klara Björnsdóttir fulltrúar kennara, Guðrún Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Aðalsteinn Leifsson var fjarverandi.

Sérlegir gestir fundarins voru foreldrar við skólann sem höfðu fengið sérstakt boð til fundar. Auk þess sat Iðunn Pála Guðjónsdóttir deildarstjóri fundinn.

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Fundur var settur kl 8:30 í tónmenntastofu.

### Dagskrá fundar

#### 1. Niðurstöður Skólapúlssins

Iðunn deildarstjóri fór yfir helstu niðurstöður. Í máli hennar kom fram að Skólapúlssinn er lagður fyrir nemendur í 6. og 7.bekk tvisvar á ári, í október og apríl.

Almennt komu niðurstöður vel út. Áhugi nemenda á sínu námi hefur aukist og hafa þau einnig meiri trú á sinni eigin námsgetu.

Mestu umræður fóru fram um samskipti og tíðni eineltis, en tíðnin lækkaði um 3% á milli fyrirlogna, fór úr 17% niður í 14%. Mikið hefur verið unnið með samskipti á miðstiginu í vetur og þá sérstaklega í 6.bekk, þar sem foreldrar komu að máli. Nemendur okkar hreyfa sig meir í apríl en þeir sögðust gera fyrir jól.

Nemendur voru einnig þeirrar skoðunar að agi í tímum hafi aukist, sem er jákvætt.

Mesta óánægja nemenda var með matinn. Nokkrar spurningar komu illa út, þær lutu að skilum á verkefnum, aðgang að efnivið og öðru sambærilegu. Iðunn benti á að þau hefðu spurt mest um þessar spurningar, þar sem þau virtust ekki skilja orðalagið. Á sama tíma og nemendur segjast ekki hafa aðgang að efnivið og tækni, eru þau öll komin með krómbækur.

Iðunn segir einnig frá fyrirhuguðum breytingum með kennsluhætti á miðstigi þar sem farið verður markvisst í fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina.

Rætt um niðurstöðurnar og ákveðið að setja þær á heimasíðu skólans, að undanskildum opnum svörum þar sem þar voru persónugreinanlegar upplýsingar um nemendur og starfsfólk.

#### 2. Niðurstöður Foreldrakönnunar

Dagný kynnir niðurstöður foreldrakönnunar sem lögð var fyrir foreldra fyrir skemmstu.

Niðurstöðurnar komu vel út og sýna ánægju foreldra og traust til skólans.

Svarhlutfall var 80.1%. Allir þættir sem mældir voru, hækkuðu frá síðustu könnun. Mikil ánægja var meðal foreldra í hverjum árgangi fyrir sig, að tveimur undanskildum og má gera ráð fyrir að innri málefni þeirra árganga eigi þar hlut að máli.

Rýnt verður í niðurstöður könnunar og sérstaklega þá þætti sem koma lakast út. Sem dæmi má nefna aga í skólanum sem foreldrar telji að megi vera meiri. Foreldrar telja einnig að hvetja megi nemendur meir áfram og vilja meiri og ítarlegri upplýsingar um námsmat sinna barna.

Ákveðið að niðurstöðurnar fari á heimasíðu skólans.

Dagný þakkar fyrir traustið til skólans.

### 3. Komandi skólaár

Komandi skólaár er í vinnslu og kemur fram í máli skólastjóra að undirbúningurinn hafi verið þungur í vöfum vegna nýs líkans og óvissu með ýmsa þætti þess.

Eins og staðan er á fundardegi er gert ráð fyrir 174 nemendum á komandi skólaári. Sá árgangur sem kemur inn er minni en 7.bekkurinn.

Búið er að ráða í þær stöður sem auglýstar voru, þ.e. deildarstjóra stoðþjónustu, stöðu sérkennara og námsráðgjafa.

Þessi mál voru rædd og kom fram í máli fulltrúa kennara að undanfarnar vikur hefðu verið hópnum þungar.

Foreldri benti á að nú riði á að horfa til alls þess jákvæða sem fram færi í skólanum.

### 4. Önnur mál

- Framkvæmdir verða í húsinu í sumar, lokið verður við framkvæmdir á fyrstu hæð og farið inn á miðstigið. Eins á að fara í þakviðgerðir. Dagný ítrekar að ekkert hafi fundist annað en gamalt ryk. Fundarmönnum var boðið að fara inn í þær stofur sem búið er að vinna með.

Undir lok fundar þakkar Dagný fundarmönnum fyrir veturinn og færir sérstakar þakkir þeim sem ljúka setu sinni í Skólaráði.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 09:30